

aðilum. Greiðsla vegna notkunar á gámum sem losaðir eru á kostnað bæjarins er innheimti með fasteignagjöldum samkvæmt sérstakri gjaldskrá þar að lútandi.

Allan flutning úrgangs á vegum einstaklinga og fyrirtækja á þar til ætlað móttökusvæði (gámasvæði bæjarins, sorpeyðingarstöð, móttökusvæði fyrir brotamálma) skal framkvæma eftir fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa og bæjartæknifræðings og skal ítrasta þrífnaðar gætt.

7. gr.

Almenn sorphirða samkvæmt 4. gr. greiðist úr bæjarsjóði. Þó er bæjarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

Sorphirðugjaldið skal lagt á hverja fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og fjölda sorphílata. Samkvæmt samþykkt þessari er Ólafsfjarðarbæ heimilt að takmarka fjölda sorphílata við hverja fasteign. Íbúar dreifbýlis og eigendur sumarhúsa sem njóta sorphirðu Ólafsfjarðarbæjar greiða fyrir þá þjónustu þar að lútandi.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun til bæjartæknifræðings eða heilbrigðisfulltrúa.

9. gr.

Brjóti húsráðandi, fyrirtæki eða annar aðili ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps eða annars úrgangs, þ.m.t. spilliefni, skulu sorphirðumenn eða starfsmenn áhaldahúss tilkynna það bæjartæknifræðingi eða heilbrigðisfulltrúa.

Sorphirðumönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Ólafsfjarðarbæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytið, 6. maí 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Ólafsfirði fyrir árið 1993.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðarbæjar sem virtar eru fasteignamati skal greiða sorphirðugjald árið 1993.

2. gr.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphirðugjalds á fasteignir þegar eigandi annast sjálfur alla hreinsun sorps.

3. gr.

Grunnsorþhirðugjald skal vera kr. 7 000 árið 1993. Bæjarstjórn skal skipa fyrirtækjum í flokka m.a. eftir sorpmagni og verður sorþhirðugjald ársins margfeldi af grunngjaldi.

4. gr.

Sorþhirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Ólafsfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytið, 6. maí 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna sorþhirðu í Austur-Landeyjahreppi fyrir árið 1993.

1. gr.

Hreppsnefnd Austur-Landeyjarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorþhirðugjald árið 1993.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð, hvern skráðan íbúa, hvert sumarhús og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Austur-Landeyjarhrepps. Gjaldið skal innheimt sérstaklega með gjalddaga 1. september. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A	Íbúðir, sumarhús og fyrirtæki	sorþhirðugjald	kr. 2 500
B	Sérhver skráður íbúi	sorþhirðugjald	kr. 500

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Austur-Landeyjarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 3. maí 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.